

Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 4522800, íþróttahús: 4522750

Veffang: <http://hofdaskoli.is>Netfang: hofdaskoli@hofdaskoli.is

Kæru foreldrar og forráðafólk.

Við í Höfðaskóla tókum þá ákvörðun, haustið 2025, að vera símalaus skóli. Þessi ákvörðun er tekin með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Markmiðið er að stuðla að betra námsumhverfi, aukinni einbeitingu og jákvæðum félagslegum samskiptum.

Haustið 2026 var farið í að uppfæra reglur um símanotkun á skólatíma.

Reglur

- Nemendur eru símalaus á skólatíma: kennslustundir, frímínútur, hádegi/Fellsborg, skólalóð, sund og íþróttir.
- Undanþága gildir um nemendur sem af læknisfræðilegum ástæðum þurfa að hafa síma á sér. Þarf þá að skila inn vottorði um slíka undanþágu.

Viðbrögð ef reglum er ekki fylgt:

- Afhenda símann, sem verður geymdur á skrifstofu skólastjórnenda til loka skóladags nemandans. Það er foreldri/forráðamaður sem sækir símann.

Annað

- Gengið er út frá því að starfsfólk skólans séu fyrirmyndir og noti að öllu jöfnu ekki síma á göngum skólans. Kennurum er heimilt að nota síma sem kennslutæki.
- Í styttri ferðum nemenda, s.s. gönguferðum er nemendum ekki heimilt að nota síma en þá skal starfsfólk taka með sér síma. Í lengri ferðum er nemendum heimilt að nota síma ef slíkt er tilgreint í ferðaáætlun.
- Foreldrar geta alltaf haft samband við börn sín í gegnum skrifstofu skólans og nemendur geta ávallt fengið að hringja heim.

Til þess að þetta mikilvæga verkefni verði sem árangursríkast þarf skólasamfélagið allt að vinna saman. Jákvæð samvinna við foreldra og forráðamenn skiptir sköpum og vonum við innilega að við eigum eftir að eiga gott samstarf.

Kær kveðja,
starfsfólk Höfðaskóla